



Upplýsingar  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

**ORÐUVEITING Á BESSASTÖÐUM  
OG  
MÓTTAKA FYRIR ERLENDA SENDIHERRA**

Föstudaginn 17. júní kl. 14:00 mun forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sæma nokkra Íslendinga riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu. Fjölmíðlum er heimiluð myndataka við lok athafnarinnar þegar orðuhafar hafa tekið við orðunni. Áætluð myndataka yrði því um kl. 14:20.

Einnig munu forsetahjónin taka á móti erlendum sendiherrum sem staddir eru hér á landi í tilefni af þjóðhátíðardegi Íslendinga. Móttakan hefst kl 16:00. Ljósmyndurum er heimilt að vera við upphaf móttökunnar.

Ljósmyndurum er góðfúslega bent á að um hátíðlegar athafnir er að ræða og taka tillit til þess í klæðaburði.

16. júní 2005